

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um skipun aðalpóstleiða um vesturamtið. — Í póknanlegu brjefi dagsettu 10. janúar p. á. hafið þjer, herra amtmaður, skýrt mjer frá tillögum hlutaðeigandi sýslunefnda og amtsráðsins í vesturamtinu um það, hvar hentugast sje að aðalpóstleiðir liggi um sýslurnar í vesturamtinu, og skal hjer með ákveðið samkvæmt lögum um vegi 10. nóvember 1887. 6. gr., að aðalpóstvegir skuli *fyrst um sinn* liggja um vesturamtið sem hjer segir. 33.
8. marz.

A. Aðalpóstvegur frá Reykjavík til Ísafjarðar.

1, um Mýrasýslu:

Frá Langholtsvaði á Hvítá—meðan hún er óbrúuð, — hjá Neðranesi, yfir Þverá, vestur hjá Hamrendum að Arnarholti. Frá Arnarholti yfir Norðurá á Hábrekkuvæði, upp Stafholtstungur hjá Laxfossi, gegnum Laxfossbraun, upp Norðurárdal að Hvassafelli; þaðan vestur Bjarnadal og Bröttubrekku.

2, um Dalasýslu:

Frá Bröttubrekku niður Sökkólfsdal og Miðdali, vestur hjá Harrastöðum, yfir Haukadalshá; þaðan vestur hjá Lækjarskógi og Þorbergsstöðum yfir Sauraleiti að Hjarðarholti. Frá Hjarðarholti yfir Fáskrúð og Glerá að Magnússkógum; þaðan fyrir ofan Ásgarð eptir Leysingastaðamelum, yfir Svínadal, ofan Hvolsdal, hjá Hvöli, ofan að Gilsfirði, utan til við Moldhóla, þá inn með Gilsfirði að sýslumótum Barðastandarsýslu.

3, um Barðarstrandarsýslu:

Frá sýslumótum Dalasýslu við Gilsfjarðarbotn með fram Gilsfirði, yfir Múlahlíð og Geirdalshrepp að Bæ í Króksfirði. Frá Bæ vestur yfir Reykhólahrepp fram hjá Hríshóli yfir Skógaháls, meðfram Þorskafirði að Kollabúðum og þaðan vestur Þorskafjarðarheiði að sýslumótum Ísafjarðarsýslu.

4, um Ísafjarðarsýslu:

Frá sýslumótum Barðastrandarsýslu á Þorskafjarðarheiði niður í Langadal og síðan niður Langadal hjá Kirkjubóli að Arngerðareyri við Ísafjarðardjúpi.

B. Aðalpóstvegur frá Reykjavík til Akureyrar.

1, um Mýrasýslu:

Sömu leið og aðalpóstvegurinn til Ísafjarðar upp á móts við Hvassafell í Norðurárdal; þaðan upp Norðurárdal hjá Dýrastöðum, Hvammi og Sveinatungu að Fornahvammi; þaðan norður Holtavörðuheiði að sýslumótum Strandarsýslu.

2, um Strandarsýslu:

Frá sýslumótum Mýrasýslu á Holtavörðuheiði (Hæðarsteini) yfir heidina; niður hjá Grænumýrartungu og Melum í Hrútafirði og að Hrútafjarðará þar sem farið er yfir hana fyrir utan Mela á leið að Stað í Hrútafirði.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um skipun aðalpóstleiða um suðuramtið. — Eptir að mjer hafa borizt þar að lútandi tillögur hlutaðeigandi sýslunefnda og amtsráðsins í suðuramtinu með póknanlegu brjefi yðar, herra amtmaður, dags. 11. jan. p. á., skal hjer með ákveðið, 34
8. marz.

34 samkvæmt lögum um vegi 10. nóv. 1887, 6. gr., að aðalpóstleiðir skuli *fyrst um sinn*
8. marz liggja um suðuramtið, sem hjer segir :

A. Aðalpóstleið frá Eskifirði um Prestsbakka til Reykjavíkur.

1. Um Austur-Skaptafellssýslu :

Frá Lónsheiðarhnaus að Svínhólum, fram með Svínhólafljalli fyrir ofan Skiphóla og þaðan beint að Stafafelli. Frá Stafafelli yfir Jökulsáraura beint að Volaseli; þaðan skemmstu leið í Þorgeirsstaðaklif; þaðan beint á Melsenda og upp yfir Skarðsdal ofan yfir Almannaskarð; þá fram með fjöllum inn að Grjótbrú; þaðan ofan Bergáraura fyrir ofan Hóla suður í Brekku og inn á Áfangahól; þaðan beint að Bjarnanesi. Frá Bjarnanesi vestur yfir Hornafjarðarfjót um Skógey hjá Kotinu; frá fjótunum yfir Hrófteig að Holtum; þaðan beint í Gunnlaugshól; þaðan beint vestur Miðmýrar fyrir framan Hólum og Eskey að Flateyjarbökkum; þaðan beint í Moldbakkahraun; þaðan vestur Kolkrímuaura fram hjá Smirlabjargafæti að Uppsalaþálsi; þaðan með fjöllum að Hestgerðiskambi; þá yfir Kambinn inn með Borgarhafnarfljalli að Borgarhafnarbrú; þaðan eptir Borgarhafnarlandi beint í Hellakletta; þaðan upp að Kálfafellsstað. Frá Kálfafellsstað yfir túnið að Kálfafelli; þaðan vestur yfir Steinasand beint í Steinatættur; síðan fram með fjöllum að Reynivöllum; þaðan skemmstu leið vestur yfir Breiðamerkursand að Hnappavöllum; þaðan beina leið vestur af Nestanga, inn með fjalli að Grændýjalæk; þaðan inn Örafi fram hjá Prestasteini fyrir neðan Sandfell í Freysnes og þaðan vestur yfir Skeiðarársand skammt fyrir framan jökul að Núpsvötnum.

2. Um Vestur-Skaptafellssýslu :

Frá Núpsvötnum yfir Núpshlíð og Núpsstaðarleirur að Núpsstað; þaðan fram með fjöllum að Rauðabergsmúla; þaðan suðvestur Rauðabergshraun að Djúpa fyrir austan Maríubakka; þaðan beina leið að Hvoli; þaðan yfir Hverfisfjót út Seljalandsfít beina leið að Orrustustöðum; þaðan fram með eldhrauninu að Hraunbólstanga; þaðan vestur Tögl beint í Birnuhóla og þaðan beint að Prestsbakka. Frá Prestsbakka yfir Geirlandsá og Stjórn að Skaptá hjá Kirkjubæ; þaðan beint suður Landbrot fram hjá Eystrahrauni að Lauganefi; þaðan fram með Nefjum að Efri-Steinsmýri; þaðan beint fyrir vestan Syðri-Steinsmýrargarða yfir Kvíslina; þaðan með Eldhrauni yfir Eldvatn hjá Fedgum; þaðan beint á Efrieyjaregg; síðan vestur Eggina að Kúðafljóti; þaðan vestur á Grjótreyri; það vestur með Blönduvatnsleiru fyrir norðan Þykkvabæjarhjáleigu beint á Hraunbæjarfít; þaðan beint á Dýralækjarsker; þaðan beint vestur Mýrdalssand að Kaplagörðum; þaðan vestur með fjöllum að Vík; þaðan inn Víkina fyrir norðan Saurakeldubotn, niður Gatnabrú um Hraunstíg að Hvammsgörðum; þaðan vestur með fjöllum yfir Skammadalstraðir að Steigarhálsi og vestur yfir Steigarháls niður hjá Steig; þaðan beint á Sólheimanes fyrir norðan Þjetursey; þaðan vestur Sólheimasand beina stefnu á Skóganúp að Jökulsá.

3. Um Rangárvallasýslu :

Frá Jökulsá vestur yfir Skógasand og Skógaá við Skóganúp; þaðan beint fyrir norðan Hrútafellsgarða vestur yfir Fögruhólmabrá, Bakkakotsbrú og Torfmýrarbrú, norðan til við gamla Svaðbæli, vestur úr Svaðbæliströðum; yfir Núpakotsbrú, fram hjá Hlíð, Steinum og Varmahlíð fyrir norðan Arnarhól; yfir Hellnahólsbrú, vestur yfir Holtsá, Holtsodda; yfir Miðskálabakkabrá, Lónsaur og Rípaþrá til Langavatnsvaðs;

yfir Utgarðsengjar framan við Desjarhól, þaðan upp á Hvammsbakka og yfir **34**
Hvammsbakkabrú; út hjá Hafurshól, fyrir norðan Fitjarmýri beina stefnu **8. marz**
fyrir framan Seljalandsmúla; yfir Markarfljót og Ljósárdíla fyrir norðan
Steinmóðarbæ og Skiptingarhólma; beint yfir Gunnarshólma til Voðmúla-
staðarjetta; þaðan beint fyrir sunnan Ossabæ, yfir Affallið, fram hjá Botnvaðs-
þúfu til Bótavaðs eða Sykisvaðs á þverá; yfir Dufpekjubrú og Garðsaukalæk norður
yfir Hvolsvöll til Djúpadalsvaðs á Eystri-Rangá; þaðan yfir Hofsnestögl og Rang-
árvelli fyrir vestan Syðri-Strönd og Varmadal; yfir Varmadalslæk til Ægisíðuvaðs á
Ytri-Rangá; þaðan vestur Holtamannahrepp, yfir Ægisíðubrú, Miðmundaholtsbrú,
með Rauðalæk fyrir sunnan Syðri-Rauðalæk, Arnkötlustaði og Áshverfi; yfir Ásbrú
vestur að Hrútsvatni, meðfram Hrútsvatni að norðan; yfir Flatholtsbrú, Ferjusunds-
brú og Þjórsárbakkabrú að ferjustöðunum Sandhólaferju og Nesi.

4. Um Árnessýslu:

Frá ferjustöðunum Sandhólaferju og Nesi upp með Þjórsá: yfir ásana hjá Villinga-
holti, Vælugerði og Neistastöðum; yfir Hróarsholtslæk þar sem vegurinn liggur nú;
þaðan vestur hjá Hraungerði og Króki; fyrir neðan Langardælur niður með Ölfusá
að hinu fyrirhugaða brúarstæði hjá Selfossi; frá Ölfusá skemmstu leið yfir mýrina
fyrir austan Þórustaði og Árbæ að Ingólfsfjalli; meðfram Ingólfsfjalli á Torfeyri
og þaðan að Kömbum; þaðan eftir vegi þeim, sem lagður hefur verið yfir Hellis-
heiði og Svínahraun að sýslutakmörkum.

5. Um Gullbringu- og Kjósarsýslu:

Frá sýslutakmörkum eftir akvegi þeim, sem lagður hefur verið frá Svínahrauni til
Reykjavíkur.

Helmingur sýsluvegagjaldsins úr Austur- og Vestur-Skaptafellssýslum og úr
Rangárvallasýslu skal samkvæmt áðurnefndum lögum 10. nóv. 1887, 3. gr. ganga
til aðalpóstvega.

B. Aðalpóstleið frá Reykjavík til Ísafjarðar og Akureyrar.

1. Um Gullbringu- og Kjósarsýslu:

Frá aðalpóstveginum til Prestsbakka fyrir ofan Elliðaár að Grafarvogi; fyrir innan
Grafarvog norður Mosfellssveit, hjá Korpúlfsstöðum og Leirvogstungu inn Kjalarnes
fyrir framan Esju og Eyrarfjall; yfir Laxá í Kjós nálægt Laxnesi; fyrir framan
Reynivallaháls hjá Neðra-Hálsi að Fossá og þaðan að Botnsvogi.

2. Um Borgarfjarðarsýslu:

Frá Botnsvogi hjá Þyrli eftir Hvalfjarðarströndinni að Ferstiklu; þaðan yfir Fer-
stikluháls niður í Svínadal; eftir honum og yfir Dragann að Skorradalavatni ná-
lægt Stóru-Drageyri; með Skorradalavatni að syðri enda þess og yfir Andakýlsá;
þaðan upp Hestháls fyrir vestan Grund og yfir hálsinn á Mannamótsflöt; þaðan sem
leið liggur yfir Grímsá og Varmalæk, og, þangað til Hvítá í Borgarfirði verður brú-
uð, um Varmalækjarmela að Langholtsvaði á Hvítá.

Brjef landshöfðingja til amtsmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu, um **35**
niðurfærslu á landsskuldum af nokkrum þjóðjörðum í Skaptafellssýslu. — Samkvæmt **12. marz.**
tillögum yðar, herra amtmaður í þóknanlegu brjefi, dags. 22. f. m., er byggir á tillögum